

## Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
1	Samtökin '78	5.7.2017	950.000		Við til meðferðar Mannréttinda skrifstofu R17070087	
2	Margrét Baldursdóttir	13.7.2017	200.000		200.000 R17070086	

## Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

**Umsækjandi:** Samtökin '78

**Kennitala:** 450179-0439

**Heimilisfang:** Suðurgata 3

**Netfang:** skrifstofa@samtokin78.is

**Símanúmer:** 552-7878

**Póstnúmer:** 101

**Staður:** Reykjavík

**Nafn ábyrgðarmanns:** Daníel E. Arnarsson

**Kennitala ábyrgðarmanns:** 280290-2629

**Heimilisfang ábyrgðaraðila:** Suðurgata 11

**Póstnúmer ábyrgðaraðila:** 220

**Netfang ábyrgðaraðila:** skrifstofa@samtokin78.is

**Símanúmer ábyrgðaraðila:** 770-0218

**Hlutverk ábyrgðaraðila:** Framkvæmdastjóri

**Upphæð sem sótt er um:** 950.000

**Banki:** 0513

**Höfuðbók:** 26

**Reikningsnúmer:** 78

**Heiti verkefnis:** Hinsegin félagsmiðstöð, fjármögnun haustannar

### Lýsing á verkefni:

Síðustu áratugi hefur ungliðastarf verið mikilvægur hlekkur í þjónustu Samtakanna '78 við hinsegin ungmenni. Eftir því sem ungliðum fór að fjölga, sérstaklega í hópi barna 13-17 ára, var ákveðið að ekki væri lengur stætt að reka starfsemina í sjálfböðavinnu án aðkomu fagaðila. Því var óskað eftir faglegu utanumhaldi um starfið frá sérfræðingum á sviði frístundastarfs.

Í maí 2016 var komið á fót tilraunaverkefninu um faglega Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 fyrir 13-17 ára ungmenni. Það var gert eftir miklar samningaviðræður við fulltrúa mannréttindaráðs þar sem gefin voru vilyrði fyrir 1.500.000 kr. styrk í verkefnið. Í kjölfarið sömdu Samtökin '78 við Kamp, nú Tjörnina, um að útvega fagmenntaðan starfsmann, Hrefnu Þórarinsdóttur frístundaráðgjafa, til að halda utan um starfið. Sú upphæð sem kom frá Mannréttindaráði varð þó ekki nema 700.000 kr. Undanfarin

misseri höfum við lagt allt kapp á að fjármagna þetta mikilvæga starf til framtíðar. Ítrekaðir fundir með fulltrúum mannréttindaráðs, skóla- og frístundaráðs og borgarráðs hafa ekki borið árangur sem skyldi og leitum við því til þín í von um að hægt verði að tryggja fjármagn svo við getum haldið félagsmiðstöðinni opinni út árið 2017. Lágmarksfjármagn til að starfrækja félagsmiðstöðina út árið með einum starfsmanni og sjálfboðaliðum eru 950.000 krónur.

### **Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

Hinsegin ungmenni, þar sem hinsegin félagsmiðstöðin er ætluð ungmennum frá aldrinu 13-17 ára. Hinsegin ungmenni eru hópur sem stendur höllum fæti félagslega og ítrekaðar innlendar og erlendar rannsóknir benda á að þau séu mikill áhættuhópur varðandi þunglyndi, kvíða, sjálfsskaða og sjálfsvíg. Þau eru oft félagslega einangruð, með lágt sjálfsmat og glíma við fordóma, einelti og annað ofbeldi. Mikilvægt er að veita þessum hópi viðeigandi aðstoð og þjónustu sem fyrst áður en að vandamálin aukast og á vettvangi sem hentar þeim.

### **Hverjir munu vinna að verkefninu?**

Starfsmaðurinn sem um ræðir er kona. Þessi starfsmaður hefur veitt hinsegin félagsmiðstöðinni forstöðu og verið eini launaði starfsmaður hennar í um 30% starfshlutfalli. Henni innan handar hafa verið sjálfboðaliðar á vegum Samtakanna '78 sem eru af öllum kynjum.

Á þessu rúma ári hefur starfið gengið framár björtustu vonum. Fjöldi ungmenna sem sækja Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 hefur þrefaldast. Fagleg umsjón forstöðumanns og sá stöðugleiki sem henni fylgir hefur að öllum öðrum ólöstuðum verið ómetanleg. Til hennar hafa leitað ungmenni í sjálfsskaða og sjálfsvígshugleiðingum sem hægt hefur verið að koma í réttan farveg hjá Barnavernd. Sömuleiðis hafa ungmenni opnað sig um kynferðislegt ofbeldi sem einnig hefur verið komið í réttan farveg til Barnaverndar og Barnahúss.

### **Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

Já. Hér að neðan má sjá inngang hennar:

*Samtökin '78 eru samtök alls hinsegin fólks á Íslandi. Samtökin eru meðvituð um að hópurinn er fjölbreyttur með tilliti til eftirfarandi þátta: Aldur, fötlun, kyn, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni, heilsufar, efnahagur, uppruni, trú/trúleysi, holdarfar, tungumálakunnátta, húðlitur og fjölskyldustaða og sambandsform. Einstaklingar innan hópsins hafa ólíkar þarfir sem samtökin leggja sig fram við að mæta. Sumir innan hópsins verða fyrir margfaldrari jaðarsetningu í daglegu lífi. Samtökin '78 leggja sig fram við að þekkja birtingarmyndir margfaldrar jaðarsetningar og bæta stöðu þeirra sem verða fyrir henni.*

*Samtökin '78 vilja einnig vinna að jafnrétti kynslóða með því að haga starfsemi sinni á sem umhverfissvænastan hátt. Vitað er að loftslagsbreytingar koma harðast niður á jaðarsettum og fátækum hópum fólks, svo sem konum og börnum.*

### **Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

Hinsegin félagsmiðstöð er í miklum samhljómi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Til viðbótar við félagslegan stuðning við hinsegin ungmenni hefur hinsegin félagsmiðstöðin staðið fyrir reynslunámi fyrir starfsmenn annarra félagsmiðstöðva í Reykjavík í vetur og býður þannig upp á verklega kennslu við að skapa hinseginvænt félagsmiðstöðvarstarf um alla Reykjavík.

### **Fjármögnun:**

#### **Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

Þessi styrkur er hugsaður til að brúa bil. Samtökin '78 eiga eftir að semja við Reykjavíkurborg, bæði mannréttindaráð og skóla- og frístundaráð um rekstur til framtíðar. Þar sem um tilraunaverkefni er að ræða og enginn samningur í gangi þá þurfum við þetta rekstrarfé til að þurfa ekki að loka félagsmiðstöðinni.

#### **Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir**

Engir

#### **Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir**

Laun og launagjöld. Hinsegin félagsmiðstöðin er í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Tjarnarinnar. Nánari útfærsla á útgjöldum er í þeirra höndum.

#### **Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

Nei, ekki að þessu sinni. Við höfum fengið neikvætt svar frá Velferðarráðuneytinu og leitum því til borgarinnar.

### **Aðrar upplýsingar:**

#### **Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

Já. Sótt var um tæpar 2.200.000 kr. í Þróunarsjóð skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Þeirri styrkumsókn var hafnað og kom það okkur mikið að óvörum. Sótt var um neyðarstyrk til velferðarráðherra í stað þess að hætta við verkefnið og dugði það fjármagn til vors 2017. Nú er svo komið að peningarnir fyrir starfseminni eru búnir.

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

Ekki með vitund núverandi framkvæmdastjóra né formanns. Mögulega hefur verið sótt um áður en ekki síðustu þrjú ár.

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Það er okkar einskæra ósk að borgarráð sjái sér fært um að styrkja okkur um tilgreinda upphæð svo við þurfum ekki að loka félagsmiðstöðinni og neita þá hinsegin ungmennum sjálfsagðri og nauðsynlegri þjónustu.



## Ósk um sérframlag til Samtakanna '78 til reksturs hinsegin félagsmiðstöðvar á haustönn 2017

Borgarstjóri  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhúsi Reykjavíkur

5. júlí 2017

Síðustu áratugi hefur ungliðastarf verið mikilvægur hlekkur í þjónustu Samtakanna '78 við hinsegin ungmenni. Eftir því sem ungliðum fór að fjölga, sérstaklega í hópi barna 13-17 ára, var ákveðið að ekki væri lengur stætt að reka starfseminu í sjálfböðavinnu án aðkomu fagaðila. Því var óskað eftir faglegu utanumhaldi um starfið frá sérfræðingum á sviði frístundastarfs.

Í maí 2016 var komið á fót tilraunaverkefninu um faglega Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 fyrir 13-17 ára ungmenni. Það var gert eftir miklar samningaviðræður við fulltrúa mannréttindaráðs þar sem gefin voru viljrði fyrir 1.500.000 kr. styrk í verkefnið. Í kjölfarið sömdu Samtökin '78 við Kamp, nú Tjörnina, um að útvega fagmenntaðan starfsmann, Hrefnu Þórarinsdóttur frístundaráðgjafa, til að halda utan um starfið. Sú upphæð sem kom frá Mannréttindaráði varð þó ekki nema 700.000 kr.

Þá var sótt um tæpar 2.200.000 kr. í Þróunarsjóð skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Þeirri styrkumsókn var hafnað og kom það okkur mikið að óvörum. Sótt var um neyðarstyrk til velferðarráðherra í stað þess að hætta við verkefnið og dugði það fjármagn til vors 2017. Nú er svo komið að peningarnir fyrir starfseminni eru búnir.

Hrefna hefur veitt hinsegin félagsmiðstöðinni forstöðu og verið eini launaði starfsmaður hennar í um 30% starfshlutfalli. Henni innan handar hafa verið sjálfböðaliðar á vegum Samtakanna '78.

Á þessu rúma ári hefur starfið gengið framur björtustu vonum. Fjöldi ungmenna sem sækja Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 hefur þrefaldast. Fagleg umsjón Hrefnu og sá stöðugleiki sem henni fylgir hefur að öllum öðrum ólöstuðum verið ómetanleg. Til hennar hafa leitað ungmenni í sjálfsskaða og sjálfsvígshugleiðingum sem hægt hefur verið að koma í réttan farveg hjá Barnavernd. Sömu leiðis hafa ungmenni opnað sig um kynferðislegt ofbeldi sem einnig hefur verið komið í réttan farveg til Barnaverndar og Barnahúss.

Hinsegin ungmenni eru hópur sem stendur höllum fæti félagslega og ítrekaðar innlendar og erlendar rannsóknir benda á að þau séu mikill áhættuhópur varðandi þunglyndi, kvíða, sjálfsskaða og sjálfsvíg. Þau eru oft félagslega einangruð, með lágt sjálfsmat og glíma við fordóma, einelti og annað ofbeldi. Mikilvægt er að veita þessum hópi viðeigandi aðstoð og þjónustu sem fyrst áður en að vandamálin aukast og á vettvangi sem hentar þeim.



Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 hefur verið rekið á lágmarksmönnun og með lágmarkstilkostnaði. Með auknum umsvifum og eftir því sem ungmennin treysta meira á Hrefnu og fara að opna sig um erfið mál er ljóst að það getur ekki gengið til lengdar að hafa einungis sjálfbóðaliða henni til stuðnings. Það þarf fólk með þekkingu og reynslu á starfi með unglingum til að styðja við forstöðumann í þessum málum sem og rekstri félagsmiðstöðvarinnar almennt.

Hinsegin félagsmiðstöð er í miklum samhljómi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Til viðbótar við félagslegan stuðning við hinsegin ungmenni hefur hinsegin félagsmiðstöðin staðið fyrir reynslunámi fyrir starfsmenn annarra félagsmiðstöðva í Reykjavík í vetur og býður þannig upp á verklega kennslu við að skapa hinseginvænt félagsmiðstöðvarstarf um alla Reykjavík.

Undanfarin misseri höfum við lagt allt kapp á að fjármagna þetta mikilvæga starf til framtíðar. Ítrekaðir fundir með fulltrúum mannréttindaráðs, skóla- og frístundaráðs og borgarráðs hafa ekki borið árangur sem skyldi og leitum við því til þín í von um að hægt verði að tryggja fjármagn svo við getum haldið félagsmiðstöðinni opinni út árið 2017. Lágmarksfjármagn til að starfrækja félagsmiðstöðina út árið með einum starfsmanni og sjálfbóðaliðum eru 950.000 krónur. Komi sú fjármögnun ekki til eigum við engra kosta vöð nema að leggja starfsemina niður. Í kjölfarið þarf svo að tryggja starfseminni nægt fjármagn til framtíðar og munum við sækjast eftir þeim umræðum síðar í haust. Á þessum tímapunkti er okkar fyrsta forgangsmál að halda félagsmiðstöðinni opinni og biðjum þig því um aðstoð.

Virðingarfyllst

María Helga Guðmundsdóttir  
Formaður Samtakanna '78

Daníel E. Arnarsson  
Framkvæmdastjóri Samtakanna '78

Þann 29.07 verður Druslugangan.

Í samfélagi heyrnarlausra er hátt hlutfall þolenda kynferðisbrota.

Það er mikilvægt fyrir þennan hóp að rödd þeirra heyrst og þær hafi sama aðgang og við hinar til að njóta göngunnar og þeirra skilaboða sem þolendur fá í þessum samtakamætti að skila skömminni heim.

Undirrituð óskar eftir styrk að krónum 200.000 til að túlka ræður í samvinnu við annan túlk og einnig heyrnarlausa leikkonu, Kolbrúnu Völkudóttur, til að túlka tónlistina á sviðinu.

Það er mjög valdeflandi fyrir þennan hóp að sjá eina, þolanda, úr þeirra eigin hópi á sviðinu og eykur áhrifamátt göngunnar, að mínu mati.

Verkefni sem þetta krefst mikils undirbúnings og samvinnu þeirra sem koma að þýðingum, túlkun og flutningi og óska ég eftir styrk að upphæð 200.00 krónum.

Virðingarfyllt,

Margrét Baldursdóttir, táknmálstúlkur



**Umsókn um styrk úr Borgarsjóði**

**Umsækjandi: Margrét Baldursdóttir**

**Kennitala: 090265-4909**

**Heimilisfang: Eskihlíð 26**

**Netfang: margretbaldursdottirotmail.com**

**Símanúmer: 6169355**

**Póstnúmer: 105**

**Staður: Reykjavík**

**Nafn ábyrgðarmanns: Margrét Baldursdóttir**

**Kennitala ábyrgðarmanns: 0902654909**

**Heimilisfang ábyrgðaraðila: Eskihlíð 26**

**Póstnúmer ábyrgðaraðila: 105**

**Netfang ábyrgðaraðila: margretaldursdottirotmail.com**

**Símanúmer ábyrgðaraðila: 6169355**

**Hlutverk ábyrgðaraðila: Táknámslútkur, skipuleggur, táknmálstúlkar og undirbýr túlkun**

**Upphæð sem sótt er um: 100.000**

**Banki: 303**

**Höfuðbók: 26**

**Reikningsnúmer: 3564**

**Heiti verkefnis: Táknmálstúlkun/Druslugangan**

**Lýsing á verkefni: Táknmáltúlkun í Druslugöngunni**

**Hverjir hafa helst hag af styrknum? Heyrnarlausir af báðum kynjum hafa hag af styrknum, sérlega þolendur kynferðisofbeldis**

**Hverjir munu vinna að verkefninu? Táknmáltúlkur ásamt heyrnarlausri söngkonu, báðar kvk**

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

**(Mannréttindastefnu má finna hér: [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267\\_view-752/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/))**

Heyrnarlausir hafa ekki rödd. Þeim er tryggð túlkum, í lögum, í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Auk þess er sjóður, svokallaður félagslegur sjóður, sem Samskiptamiðstöð heyrnarlausra úthlutar túlkun í félagslegar aðstæður, s.s. starfsmannafundir, húsfundir o.þ.h. Heyrnarlausum er ekki tryggð þátttaka í menningu, til þess veitir ríkið ekkert sérstakt fé. Könnun sem gerð var á misnotkun innan samfélags heyrnarlausra sýndi hátt hlutfall þolenda. Heyrandi þolendur hafa, margar, farið í Druslugönguna, upplifað valdeflandi samtakmátt og skilað skömminni heim. Áhrifin af gjörningnum er takmarkaður þegar fólk getur ekki hlustað á það sem fram fer. Það er von mín að með því að hafa allta atburði göngunnar aðgengilega heyrnarlausum að þær, eins og við sem heyrum, upplifi frelsandi máttinn sem felst í þátttökunni. Ákjósanlegast væri, eins og ég er að reyna, að fá heyrnarlausa, eina úr þeirra hópi, með á sviði í göngunni, en það krefst mikils umdirbúnings við þýðingarvinnu og samstarfs túlks og heyrnarlauss listamanns.

**Fjármögnun:**

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

**Safna gögnum, ræðum og söngtextum og undirbúning, þýðing texta og æfingar ásamt flutningi: um það bil 35 klukkustundir**

**Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir**

**Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir**

**Akstur:15.000**

**vinna við þýðingar og flutningur 35 klst: 85.000**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

- 
- 
- 

**Aðrar upplýsingar:**

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda? Umsækjandi hefur ekki sótt um styrk áður**

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

**Druslugangan er valdeflandi fyrir þolendur og hefur verið fjölmenn. Samfélag heyrnarlausra hefði hag af því að hafa aðgang að göngunni og boðskap hennar, ekki einungis þolendur heldur allt samfélagið. Druslugangan hefur heilandi áhrif á marga þolendur, að ganga fylktu liði með öðrum þolendum og skila skömminni heim er tilfinning sem erfitt er að koma í ljós. Að mínu mati er það mjög brýnt að heyrnarlausir geti notið þess eins og við hin.**